



TILLAGA

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 9. mars 2023: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um mannréttindakaffi

Flokkur fólksins leggur til að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð stofni til mannréttindakaffis með svipuðu sniði og velferðarráð heldur velferðarkaffi. Á slíka fundi væri hægt að bjóða hagsmunasamtökum minnihlutahópa til að heyra frá fyrstu hendi hvað brennur á þeim. Dæmi um slík félög eru ÖBÍ, Félag eldri borgara í Reykjavík FEB, Þroskahjálp, Geðhjálp, Samtökin 78 og fleiri félög. Ráðið væri þannig að teygja sig út til fólksins og tengja sig við borgarbúa. Flokkur fólksins leggur til að slíkir fundir þ.e. mannréttindakaffi færu fram 2-4 sinnum á ári. MSS23030062